

Fundargerð 28. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2016, fimmtudaginn 4. ágúst kl. 14:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til símafundar.

Fundinn sátu: Róbert Ragnarsson, Steinunn María Sveinsdóttir, Anna Lind Ragnarsdóttir og Gauti Jóhannesson.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Forkaupsréttur sveitarfélaga á aflaheimildum - 1608001SU

Stjórn ræddi nýtlega sölu á aflaheimildum frá Þorlákshöfn.

Eftirfarandi bókun var samþykkt samhljóða.

Stjórn samtaka sjávarútvegssveitarfélaga leggur áherslu á að sveitarfélög hafi skýran forkaupsrétt þegar skip með aflaheimildum, aflaheimildir, eða hlutir í lögaðila sem á skip með aflaheimildum eru seld til aðila með heimilisfesti í öðru sveitarfélagi. Ljóst er að núgildandi lagaákvæði veita sveitarfélögum litla vörn þegar aflaheimildir eru seldar úr viðkomandi sveitarfélagi.

Í ljósi fregna um að um 28% aflaheimilda hafi verið seldar úr Sveitarfélaginu Ölfusi, án þess að sveitarfélaginu hafi verið boðinn forkaupsréttur, skorar stjórn samtakanna á sjávarútvegsráðherra og Alþingi að breyta ákvæðum laga um stjórn fiskveiða hið fyrsta og tryggja sveitarfélögum raunverulegan forkaupsrétt. Stjórn vill auk þess benda á það sjónarmið að forkaupsréttur hljóti að vera neyðarúrræði þegar miklir samfélags- og atvinnuhagsmunir eru í húfi, og megi ekki draga um of úr sóknarmöguleikum útgerða og byggðarlaga sem vilja sækja aflaheimildir og byggja upp útgerð á tilteknum stað. Slíkt myndi festa núverandi staðsetningu aflaheimilda í sessi. Byggðarlög með útgerð í vexti, þurfa að hafa möguleika til vaxtar.

Stjórn veur jafnframt athygli á hugmyndum Byggðastofnunar um að svæðisbinda hluta aflaheimilda og með þeim hætti verja hagsmuni sjávarbyggða. Stjórnin hvarmar jafnframt þá skerðingu á byggðakvóta fyrir komandi fiskveiðiár sem boðuð hefur verið og telur að hún komi harðast niður hjá þeim sveitarfélögum sem nú þegar eiga undir högg að sækja.

2. Samtök sjávarútvegssveitarfélaga - aðalfundur 2016 - 1608002SU

Rætt um aðalfund samtakanna sem halda skal í haust.

Samþykkt að halda fundinn eftir hádegi þann 23. september þegar fjármálaráðstefnu sveitarfélaga er lokið. Dagskrá og tillögur stjórnar verða ræddar á næsta fundi.

Fundi var slitið kl. 14:30